

16. fundur Skólaráðs Grunnskólans á Þingeyri haldinn föstudaginn 27.maí 2016 kl 13:00

1. Fundur vetrarins.

Mætir á fundinn :

Skólastjóri: Erna Höskuldsdóttir

Fulltrúar kennara: Borgný og Edda Björk

Fulltrúi foreldra: Ragnheiður Laufey

Fulltrúi starfsmanna: Jón Sigurðsson

Fulltrúar nemenda: Lisbet Óla og Ásrós Helga, báðar úr 9. bekk

Fulltrúi grenndarsamfélagsins: Þorbjörg Gunnarsdóttir

Erna setti fundinn og fór vel yfir hvert hlutverk skólaráðs er og hvernig fundir þess ganga fyrir sig. Hlutverk skólaráðsins er fyrst og fremst samráðsvettvangur aðila þeirra sem koma að fundinum. Reglur um hlutverk ráðsins verða aðgengilegar á vef Grunnskólans. Fundargerðir verða einnig aðgengilegar á vef skólans. Erna opnaði líka inn á starfsáætlun Grunnskólans og stiklaði á stóru þar.

Efni fundarins:

1. Skólaárið sem er að líða:

Farið var yfir það helsta sem unnið var í hverjum mánuði í vetur fyrir utan hefðbundna kennsludagskrá og bar þar margt á góma í hverjum einasta mánuði vetrarins.

2. Skóladagatalið

Skóladagatal fyrir 2016-2017 lagt fyrir til skoðunar. Helstu breytingar voru þær að árshátíð skólans færir fram og er áætluð á öskudaginn. Þemadagar eru áætlaðir í nóvember kringum dag íslenskar tungu og skólaslitum og skólasýningu flýtt til 26.maí vegna fyrirhugaðar sameiginlegrar námsferðar/utanlandsferðar starfsfólks litlu skólanna í sveitarfélaginu.

3. Úthlutun kennslustundafjölda

Kennsludagar verða eins og áður 180 dagar árið 2016-2017 og fækka úthlutuðum kennslustundum úr 125 í 122 árið 2016-2017. Fulltrúar unglinga leggja til að kennslustundum verði fækkað á mánudögum og fluttir á aðra daga. Vangaveltur urðu um að breyta íþróttu og sunddögum úr 2 í 3 daga og hafa ef til vill einhverja aðra hreyfingu í skóla hina dagana 2.

4. Starfsmannamál

Starfsmannamál verða með sama sniði og í vetur að undaskildu því að Halla fer í ársleyfi. Kennari mun koma í hennar stað.

5. Nemendafjöldi

Nemendum mun fækka um 1 – 2 á næsta ári og heldur fækka næstu árin, miðað við spár, en þó óverulega.

6. Skólapúlsinn

Niðurstöður úr sólapúlsinum eru þær helstar að nemendur virðast hafa meiri trú á eigin getu. Einelti mælist að litlu leyti og leitt að svo sé því ekki eru kennarar og starfsfólk varir við að slíkt þrífist. Vangaveltur um hvort nemendur séu ef til vill að rangtúlka orðið „einelti“ og noti það um minni háttar árekstra. Umræða var um eineltis hugtakið. Umræða var einnig um skólaslit

Grunnskólans og hvort æskilegt sé að hafa slitin á virkum degi. Fundarmenn voru almennt á því að halda í hátíðleikann og gera allt að þeim stórviðburði sem skólaslitin eru í samfélaginu, þó svo að virkur dagur verði fyrir valinu. Haft var samráð við verkstjóra fiskvinnslunnar um tímasetningu skólaslitanna í ár og foreldrar hafa því leyfi til að fá sig lausa í tíma og geta notið þess að vera með börnum sínum á þessum degi.

7. Önnur mál

- a) Grunnskólinn mun verða með facebook síðu frá og með næsta skólaári og munu samskipti milli foreldra og kennaranna verða enn skjótari og skilvirkari.
- b) Hugmyndir komu frá unglíngunum um að leikvallar aðstaðan yrði löguð, þá helst: rólur. fótoltamörk og körfuboltakörfur. Farið er yfir þessa hluti reglulega, en erfitt hefur verið að fá fagmenn til stærri verka. Aðstaða okkar skóla er samt almennt góð miðað við aðra skóla.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 14:20
Borgný Gunnarsdóttir